

LÍFEYRISSJÓÐUR TANNLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2009

2010-04-19



Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.
Skipholti 35 – 105 Reykjavík

Til stjórnar og framkvæmdastjóra
Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

2010-04-19

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands í lok árs 2009 er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði 6. greinar samþykktar sjóðsins. Athugunin er gerð í samræmi við ákvæði l. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2002. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu sjóðsins í lok árs 2008.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands veitir réttindi í samtryggingu og rekur auk þess séreignardeildir. Er hér eingöngu fjallað um skuldbindingar og eignir í samtryggingu. Samþykktum sjóðsins var breytt á árinu 2009 en ekki var um að ræða breytingar á ákvæðum um réttindaöflun eða áunnin réttindi.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhalda sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhalda sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athuginina eru :

Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega

Lífslíkur sjóðfélaga og réttihafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2004-2008

Örorkulíkur sjóðfélaga : 60% af reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 1998-2002,

Forsendur um lífslíkur eru breyttar frá síðustu athugun sem er til hækkunar á mati skuldbindinga sjóðsins.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabíla fram til loka 2009 kallast áfallnar skuldbindingar. Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk eigna og skuldbindingar að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum en frádregnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 901,2 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 897,4 milljónir. Eignir að frádregnum skuldbindingum reiknast því 3,8 milljónir eða 0,4% af skuldbindingum.

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem almennt eru áskilin í l.129/1997 en þar eru hámark vikmarka milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% fyrir stöðu samfelld í fimm ár.

Vikmörkum l.129/1997 hefur með bráðabirgðaákvæðum verið breytt í 15% fyrir tryggingafræðilegar athuganir árána 2008 og 2009 frá þeim 10% sem almennt gilda fyrir stöðu á einstöku ári og 10% fyrir samfelldan mun í fimm ár.

Samþykktir Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands tiltaka sömu mörk og almenn ákvæði l.129/1997 og er því staða sjóðsins í lok árs 2009 innan marka bæði laga um lífeyrissjóði og samþykktu sjóðsins.

Eignir sjóðsins að frádregnu mati á fjárfestingarkostnaði og án verðmætis iðgjalda reiknast 397,2 milljónir og áfallnar skuldbindingar 407,8 milljónir, og mismunur því -10,6 milljónir eða -2,6%. Lög eða samþykktir Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands kveða ekki sérstaklega á um vikmörk áfallinna skuldbindinga og eigna.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiru áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

LÍFEYRISSJÓÐUR TANNLÆKNA

Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands byrjaði að veita réttindi í samtryggingu í lok árs 1999 en hafði áður starfað sem hreinn séreignarlífeyrissjóður. Sjóðurinn veitir sjóðfélögum val um mismunandi tryggingarleiðir, þar sem boðið er upp á mismunandi lífeyrisaldur og blöndu af réttindum í samtryggingu og séreign.

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktar sem staðfestar voru af fjármálaráðuneytinu 30. júní 2009. Réttindaákvæðum samþykktar var ekki breytt á árinu.

Sjóðfélagar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands eiga val um 4 leiðir sem uppfylla skilyrði laga um lágmarkstryggingavernd. Í leið I er öll lágmarkstryggingavernd veitt sem sameignarréttindi, en í leið II-IV er hluti réttinda veittur sem bundinn séreignarsparnaður þar sem útborgun eru settar þrengri skorður en gildir um viðbótarlífeyrissparnað. Almennur ellilífeyrisaldur er 70 ár, en heimilt er sjóðfélaga að flýta eða fresta töku lágmarksréttinda um allt að fimm ár. Lágmarksiðgjöld til sjóðsins eru 12% af heildarlaunum. Iðgjöld til samtryggingar sem hlutfall heildarlauna er sem hér segir:

Leið 1 7,3%

Leið 2 5,40%

Leið 3 4,12%

Leið 4 3,44%

Réttindaöflun í sjóðnum er háð aldri við innborgun iðgjalds, og er þeim mun meiri sem sjóðfélaginn er yngri. Iðgjald sem ekki rennur til samtryggingar fer til öflunar réttinda í séreign, annað hvort sem hluti lágmarkstryggingaverndar, bundin séreign, sbr. hér að framan eða sem viðbótarlífeyrissparnaður.

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir úr sameign eru örorkulífeyrir til 70 ára aldurs, makalífeyrir í tvö ár, eða til 18 ára aldurs yngsta barns, og ef makinn er meira en 50% öryrki og er valinn sá kostur sem hagstæðastur er hinum eftirlifandi maka. Einnig barnalífeyrir til 18 ára aldurs barns. Ellilífeyrir er greiddur ævilangt frá 70 til 85 ára aldri, eftir því hvaða leið er valin innan sjóðsins.

Ofangreind samantekt um reglugerðarákvæði er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til samþykktar sjóðsins.

GÖGN

Úr réttindabókhaldi sjóðsins fengust upplýsingar um iðgjaldagreiðslur, val á leið og áunnin lífeyrisréttindi hvers sjóðfélaga miðað við lok árs 2009. Einnig fengust upplýsingar um iðgjaldagreiðslur árið 2009 vegna iðgjaldatímabila ársins 2009. Fyrir alla sjóðfélaga fengust einnig upplýsingar um aldur og kyn.

Iðgjaldagreiðslur ársins 2009 hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2009 bornar saman við lífeyrisgreiðslu ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynd með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

REIKNIFORSENDUR OG -AÐFERÐIR

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við gerð tryggingastærðfræðilegra athugana og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur.

Við tryggingafræðilega athugun Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2009 eru notaðar dánar- og eftirlífendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á íslenskri reynslu árána 2004-2008. Er það breyting frá athugun síðasta árs þegar notaðar voru lífslíkur byggðar á reynslu árána 2001-2005. Hækkar skuldbinding sjóðsins við breytinguna. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku er notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002, með 40% lækkun örorkutíðni.

Lífeyrisréttindi eru eins og áður sagði verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og er gert ráð fyrir að vextir verði 3,5% umfram hækkun vísitölunnar.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður sem meðaltal kostnaðar árin 2007-2009, uppfært til verðlags í lok árs 2009 (gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2010) og ætlað fyrir sama kostnaði í 50 ár núvirt með sömu vöxtum og lífeyriskuldbindingar. Rekstrarkostnaði er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda.

Til lækkunar á eign er færður áætlaður skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna fjárfestinga til framtíðar og er sú áætlun gerð með sama hætti og áætlun varðandi rekstrarkostnað.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar úttektir og þær reikniforsendur sem Félagi Íslenskra tryggingastærðfræðinga var með sömu reglugerð falið að gefa út til nota við tryggingafræðilegar athuganir. Þó er nýtt heimild til lækkunar á örorkutíðni sjóðsins, og er eins og áður sagði notast við 60% af almennri örorkutíðni.

Skuldbindingar eru metnar á tvo vegu. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir sbr. umfjöllun í kaflanum um gögn hér að framan. Samtala áfallinna- og framtíðarskuldbindinga nefnist heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins. Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2009.

Fyrir aðra sjóðfélaga en lífeyrisþega er reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins miðað við réttindi og greidd iðgjöld 2009.

Þegar framtíðarskuldbindingar eru reiknaðar er miðað við allir sem töldust til virkra sjóðfélaga á árinu 2009 verði það áfram þar til starfi lýkur vegna elli- örorku eða andláts. Gert var ráð fyrir að allir sem greiddu iðgjald til öflunar lágmarkstryggingarverndar á liðnu ári teljist til virkra sjóðfélaga og voru iðgjaldagreiðslur til framtíðar áætlaðar á grundvelli iðgjalds sem greitt var árið 2009. Bætt er við áætlun vegna framtíðar 7,5% vegna þeirra iðgjalda áætlað er að eigi eftir að berast vegna ársins 2009.

Lífeyrisaldur er settur í samræmi við ákvæði samþykktar um ellilífeyrisaldur fyrir þau réttindi sem um ræðir, eða aldur sjóðfélaga sé hann hærri.

Eignir sjóðsins sem bera fastar tekjur eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendu og skuldbindingar, þ.e. 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Óverðtryggðar eignir eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun umfram verðbólguþétt Seðlabanka Íslands, sem er nú 2,5%. Útreikningar á núvirði eigna með fastar tekjur eru framkvæmdir af starfsmönnum sjóðsins. Eignir lífeyrissjóðsins í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í eignum með fastar tekjur var endurmetið miðað við þau verðbréf sem viðkomandi verðbréfasjóður átti.

Þá eru eignir með breytilegar tekjur, skráðar á skipulegum markaði, metnar á því sem lægra er, markaðsverði í árslok eða meðaltali markaðsverðs síðustu þriggja mánaða ársins.

Þau frávík sem með þessu koma fram frá bókfærðu verði eignanna í ársreikningi eru skráð sem endurmat eigna.

Gert er ráð fyrir að allir sem greiddu iðgjald til sjóðsins árið 2009 ættu rétt til framreiknings örorku- og makalífeyrisréttar og barnalífeyris. Lífeyrisaldur er reiknaður sem 70,75,80 eða 85 ár háð því í hvaða leið réttindi hafa stofnast.

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu með aðild að tryggingarsamkomulagi fjögurra lífeyrissjóða um dreifingu örorkuáhættu (Íslenski lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands, Lífeyrissjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Lífeyrissjóður Rangæinga). Lífeyrissjóðurinn Hlíf átti einnig aðild að samkomulaginu fram til loka árs 2001). Áætlað er fyrir skuldbindingu vegna samkomulagsins eftir fyrirbyggjandi gögnum, en fullnaðar uppgjör vegna ársins 2009 hefur ekki enn farið fram.

Fram til loka ársins 2009 var áætlað sérstaklega vegna óframkominna örorkutilvika. Þar sem stutt var liðið síðan sjóðurinn hóf að veita örorkuvernd í samtryggingu og mjög var talið að vera kynni að sjóðfélagar hefðu ekki allir gert sér grein fyrir þeirri tryggingu sem þeir njóta hjá sjóðnum og því væru ekki öll örorkutilvik komin fram. Er ekki lengur talin ástæða til að hafa sérstakt álag vegna ótilkynntra tilvika frekar hjá Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands en öðrum lífeyrissjóðum, enda ætti aðild sjóðsins að fyrrnefndu örorkusamkomulagi að draga úr sveiflum vegna slíkra skuldbindinga.

NIÐURSTÖÐUR

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lífeyrisskuldbindinga eftir tegundum lífeyris, og hvort um er að ræða áunnin réttindi eða áætlaða réttindaöflun vegna framtíðariðgjalda.

Tafla I. Tryggingafræðileg staða Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2009 - fjárhæðir í milljónum			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	377,2		377,2
Endurmat:	23,3		23,3
Fjárfestingagjöld:	-3,3		-3,3
Iðgjöld:		504,0	504,0
Samtals:	397,2	504,0	901,2
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	279,7	292,1	571,8
Örorkulífeyrir:	84,4	123,6	208,0
Makalífeyrir:	29,7	35,1	64,8
Barnalífeyrir:	0,0	4,8	4,8
Kostnaður:	14,0	34,0	48,0
Samtals:	407,8	489,6	897,4
Mismunur:	-10,6	14,4	3,8
Hlutf. af skuldb.	-2,6%	2,9%	0,4%

Áfallin staða batnar umtalsvert milli ára, eða í -2,6% úr -8,4% einkum vegna góðrar ávöxtunar en einnig hefur niðurfelling öryggisálags vegna örorkulífeyris áhrif. Ef reiknað er með sömu lífslíkum og var gert árið 2008 hefði áfallin staða reiknast -0,9 %, og heildar staða 1,9%.

FYLGISKJÖL

1. Virkir sjóðfélagar, fjöldi, áunnin réttindi og iðgjöld eftir aldri og kyni
2. Óvirkir sjóðfélagar, fjöldi og áunnin réttindi eftir aldri og kyni
3. Lífeyrisþegar
4. Tryggingafræðileg staða 2009
5. Tryggingafræðileg staða 2009 reiknuð með staðalforsendum
6. Tryggingafræðileg staða 2009 reiknuð með sömu forsendum og 2008
7. Aldursdreifing sjóðfélaga 2009

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands - tryggingafræðileg athugun lok árs 2009

Fylgiskjal 1 - sjóðfélagar með geymdan rétt

Ellilífeyrisréttur á ári

leið		1		2		3		4	
aldur		karlar	konur	karlar	konur	karlar	konur	karlar	konur
20-	fjöldi								1
	m. aldur								26,00
	m. lífeyrisr.								22.760
	m. iðgjald								0
30-	fjöldi	2					1	6	3
	m. aldur	35,00					36,00	38,00	37,67
	m. lífeyrisr.	22.639					696.819	315.142	141.030
	m. iðgjald	0					0	0	0
40-	fjöldi	1	1		1			6	4
	m. aldur	47,00	43,00		44,00			43,50	43,00
	m. lífeyrisr.	475.087	207.997		25.253			299.080	138.403
	m. iðgjald	0	0		0			0	0
50-	fjöldi		1	1	1	1	1	10	3
	m. aldur		58,00	53,00	55,00	59,00	52,00	53,10	55,33
	m. lífeyrisr.		71.192	722.203	189.236	454.917	314.484	169.812	45.972
	m. iðgjald		0	0	0	0	0	0	0
60-	fjöldi	2		2	2	1		6	5
	m. aldur	67,00		64,00	67,00	68,00		64,33	64,80
	m. lífeyrisr.	364.328		243.623	124.431	150.037		174.586	219.442
	m. iðgjald	0		0	0	0		0	0
70-	fjöldi	1		4		2		17	3
	m. aldur	73,00		73,50		74,50		73,88	75,33
	m. lífeyrisr.	68.753		264.925		143.422		253.471	34.940
	m. iðgjald	0		0		0		0	0
alls	fjöldi	6	2	7	4	4	2	45	19
	m. aldur	54,00	50,50	67,86	58,25	69,00	44,00	59,16	54,05
	m. lífeyrisr.	219.629	139.594	324.164	115.838	222.949	505.651	238.666	123.127
	m. iðgjald	0	0	0	0	0	0	0	0

2008									
alls	fjöldi	2	1	4	3	3	1	29	16
	m. aldur	52,00	56,00	66,25	53,33	67,33	54,00	58,41	54,00
	m. lífeyrisr.	37.500	56.322	79.464	79.246	195.609	276.496	118.483	79.616
	m. iðgjald	0	0	0	0	0	0	0	0

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands - tryggingafræðileg athugun lok árs 2009

Fylgiskjal 2 - virkir sjóðfélagar

Ellilífeyrisréttur á ári

leið		1		2		3		4	
aldur		karlar	konur	karlar	konur	karlar	konur	karlar	konur
20-	fjöldi	1	2	2	1				1
	m. aldur	28,00	27,00	28,50	29,00				29,00
	m. lífeyrisr.	106.090	119.822	100.432	61.529				189.336
	m. iðgjald	366.050	296.855	103.127	45.058				126.897
30-	fjöldi	5	4		1	2		8	1
	m. aldur	34,60	35,00		39,00	32,00		36,75	39,00
	m. lífeyrisr.	601.226	478.986		1.032.185	494.457		1.004.535	732.245
	m. iðgjald	325.575	286.064		420.891	179.244		239.811	108.478
40-	fjöldi		4	4	2	8	2	15	8
	m. aldur		42,50	45,00	48,00	46,25	41,50	45,40	45,88
	m. lífeyrisr.		757.123	1.024.866	644.156	902.883	631.452	938.627	659.658
	m. iðgjald		391.533	388.792	280.879	292.142	129.698	258.201	137.596
50-	fjöldi	5	3	7	3	2	3	18	10
	m. aldur	54,00	56,67	54,29	55,67	55,50	54,67	55,00	52,10
	m. lífeyrisr.	793.297	380.736	817.376	508.670	912.383	388.228	648.893	464.854
	m. iðgjald	490.000	305.265	312.418	216.811	337.741	164.727	184.016	153.842
60-	fjöldi	6	1	13	1	2		19	5
	m. aldur	64,33	60,00	63,69	62,00	61,50		63,84	65,80
	m. lífeyrisr.	519.361	435.274	564.024	132.181	731.427		597.667	448.699
	m. iðgjald	406.735	428.817	297.305	65.681	332.279		193.960	168.673
70-	fjöldi							1	
	m. aldur							70	
	m. lífeyrisr.							1.030.872	
	m. iðgjald							224.637	
alls	fjöldi	17	14	26	8	14	5	61	25
	m. aldur	50,41	42,43	55,58	49,13	47,71	49,40	53,25	51,40
	m. lífeyrisr.	599.698	482.969	667.472	505.027	821.400	485.518	757.087	523.635
	m. iðgjald	404.961	332.050	300.512	217.978	288.262	150.715	213.339	148.717

2008

alls	fjöldi	18	12	29	8	15	6	79	27
	m. aldur	52,17	43,42	54,79	51,88	47,07	44,50	52,41	50,41
	m. lífeyrisr.	401.120	327.329	435.218	333.732	475.127	334.007	426.058	305.657
	m. iðgjald	399.903	329.090	316.350	230.737	255.230	117.446	184.673	148.068

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands - tryggingafræðileg athugun lok árs 2009

Fylgiskjal 3 - lífeyrisþegar

Tegund		karlar	konur
Örorku	fjöldi	2	1
lífeyrir	m. aldur	64,00	64,00
	m. lífeyrisr.	58.033	15.784

2008

Tegund		karlar	konur
Maka	fjöldi		3
lífeyrir	m. aldur		61,00
	m. lífeyrisr.		37.593
Örorku	fjöldi	2	1
lífeyrir	m. aldur	63,00	63,00
	m. lífeyrisr.	53.422	14.530

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands - tryggingafræðileg athugun lok árs 2009

Fylgiskjal 4 - Tryggingafræðileg staða 2009

Forsendur: Íslenskar lífslíkur 2004-2008, 60% af íslenskum örorkulíkum 1998-2002

Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir	377,2		377,2
Endurmat	23,3		23,3
Fjárf.gjöld	-3,3		-3,3
Iðgjöld		504,0	504,0
Samtals	397,2	504,0	901,2

Skuldbindingar

	E.lífeyris þegar	Ö.lífeyris þegar	M.lífeyris þegar	B.lífeyris þegar	Lífeyris þegar	Örorku samk.	Óvirkir	Virkir	Áunnið samtals	Framtíð	Heildar
Skuldbindingar											
Ellilífeyrir		7			7		45,7	227	279,7	292,1	571,8
Örorkulífeyrir		8,7			8,7	14,9	7,3	53,5	84,4	123,6	208,0
Makalífeyrir		0,4			0,4		4,8	24,5	29,7	35,1	64,8
Barnalífeyrir					0				0,0	4,8	4,8
Kostnaður									14,0	34,0	48,0
Samtals	0,0	16,1	0,0	0,0	16,1	14,9	57,8	305,0	407,8	489,6	897,4
Mismunur									-10,6	14,4	3,8
									-2,6%	2,9%	0,4%

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands - tryggingafræðileg athugun lok árs 2009

Fylgiskjal 5 - Tryggingafræðileg staða 2009 reiknuð með staðalforsendum

Forsendur: Íslenskar lífslíkur 2004-2008, 100% af íslenskum örorkulíkum 1998-2002

Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir	377,2		377,2
Endurmat	23,3		23,3
Fjárf.gjöld	-3,3		-3,3
Iðgjöld		491,2	491,2
Samtals	397,2	491,2	888,4

Skuldbindingar

	E.lífeyris þegar	Ö.lífeyris þegar	M.lífeyris þegar	B.lífeyris þegar	Lífeyris þegar	Örorku samk.	Óvirkir	Virkir	Áunnið samtals	Framtíð	Heildar
Skuldbindingar											
Ellilífeyrir		7,0			7,0		45,7	227	279,7	292,1	571,8
Örorkulífeyrir		8,7			8,7	14,9	12,2	89,2	125,0	200,6	325,6
Makalífeyrir		0,4			0,4		4,8	24,5	29,7	35,1	64,8
Barnalífeyrir					0,0				0,0	6,3	6,3
Kostnaður									14,3	33,7	48,0
Samtals	0,0	16,1	0,0	0,0	16,1	14,9	62,7	340,7	448,7	567,8	1.016,5
Mismunur									-51,5	-76,6	-128,1
									-11,5%	-13,5%	-12,6%

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands - tryggingafræðileg athugun lok árs 2009

Fylgiskjal 6 - Tryggingafræðileg staða 2009 reiknuð með sömu forsendum og 2008

Forsendur: Íslenskar lífslíkur 2001-2005, 60% af íslenskum örorkulíkum 1998-2002 (Sömu forsendur og 2008)

Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir	377,2		377,2
Endurmat	23,3		23,3
Fjárf.gjöld	-3,3		-3,3
Iðgjöld		503,1	503,1
Samtals	397,2	503,1	900,3

Skuldbindingar

	E.lífeyris þegar	Ö.lífeyris þegar	M.lífeyris þegar	B.lífeyris þegar	Lífeyris þegar	Örorku samk.	Óvirkir	Virkir	Áunnið samtals	Framtíð	Heildar
Skuldbindingar											
Ellilífeyrir		6,8			6,8		44,5	220,4	271,7	284,3	556,0
Örorkulífeyrir		8,7			8,7	14,9	7,2	53,4	84,2	123,2	207,4
Makalífeyrir		0,4			0,4		5	25,2	30,6	36,1	66,7
Barnalífeyrir				0,4	0,4				0,4	4,6	5,0
Kostnaður									13,9	34,1	48,0
Samtals	0,0	15,9	0,0	0,4	16,3	14,9	56,7	299,0	400,8	482,3	883,1
Mismunur									-3,6	20,8	17,2
									-0,9%	4,3%	1,9%

Fylgiskjal 7 Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands 2009 - aldursdreifing virkra sjóðfélaga